



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu níu mánuðum áranna 2015 - 2017

2017

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu níu mánuðum áráanna 2015, 2016 og 2017. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu níu mánuðum áráanna 2015, 2016 og 2017.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 9,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 miðað sama tímabil árið á undan. Hins vegar er fjölgunin 14,7% ef miðað er við fyrstu níu mánuði ársins 2015. Fjöldi tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 var 7.292 tilkynningar, en 6.652 á sama tímabili árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 um 11,2%, en á landsbyggðinni fjölgaði tilkynningum um 6,1% ef miðað er við sama tímabil árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 voru vegna vanrækslu eða 38,9% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar fyrir sama tímabil árið 2016 vegna vanrækslu var 40,7% og 38,0% á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 27,1% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017, 27,3% fyrir sama tímabil árið undan og 25,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 33,2% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017, 31,2% fyrir sama tímabil árið á undan og 35,7% á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu hefur hækkað úr 0,6% í 0,9% á tímabilinu.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 11,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2017, 10,7% fyrir sama tímabil árið á undan og 11,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 8,1% á fyrstu níu mánuðum árinu 2017, 8,4% á sama tímabili árið á undan og 6,9% á fyrstu níu mánuðum ársins 2015.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 44% tilkynninga á fyrstu níu mánuðum ársins 2017, hlutfallið var 44,4% á sama tímabili árið á undan og 44,6% á fyrstu níu mánuðum ársins 2015.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 var 5.780 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 5.507 börn og 5.249 börn á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarúræði á vegum Barnaverndarstofu fækkaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 úr 109 umsóknum í 107 umsóknir. Umsóknir voru 98 á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Umsóknir um Stuðla voru 26 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 og fækkaði um tvær umsóknir miðað við sama tímabil árin á undan. Umsóknir um önnur meðferðarheimili (Laugaland, Lækjarbakka og Háholt) voru 18 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 og fækkaði um tvær miðað við árið á undan. Umsóknum um MST fjölgaði úr 61 umsókn í 63 umsóknir á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 miðað við sama tímabil árið á undan. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglunga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustusvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur á fyrstu níu mánuðum árána 2016 og 2017, en fleiri umsóknir fyrir stúlkur á sama tímabili árið 2015.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 úr 101 beiðni í 137 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 106 á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Beiðnum um tímabundið fóstur fjölgaði en beiðnum um varanlegt fóstur og styrkt fóstur fækkaði. Beiðnum frá Reykjavík og landsbyggðinni fjölgaði mest miðað við árið á undan, en beiðnum frá nágrenni Reykjavíkur fjölgaði einnig.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum alls fjölgaði úr 168 á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 í 181 fyrir sama tímabil á árinu 2017, en þau voru 180 á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Skýrslutökur fyrir dómi voru 82 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017, en 85 fyrir sama tímabil á árinu 2016 og 97 á sama tímabili á árinu 2015. Skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis fækkaði á árinu 2016 miðað við árið á undan úr 63 í 40, en þeim fjölgaði á ný á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 í 50. Frá því í mars 2015 hefur Barnahús einnig sinnt skýrslutökum og meðferð barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fjölgaði úr 83 á fyrstu níu mánuðum árána 2015 og 2016 í 99 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Þar af voru á fyrstu 9 mánuðum ársins 2017 könnunarviðtöl við 15 hælisleitandi börn, þarf af 10 sem voru fylgdarlaus. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 var 103 börn sem er fjölgun miðað við árin á undan. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðla fjölgaði úr 164 í 166 á fyrstu níu mánuðum ársin 2017 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistanir voru 128 á fyrstu níu mánuðum ársins 2015. Vistunardögum á grundvelli 25. gr. og 31. gr. barnaverndarlaga fjölgaði úr 954 dögum á fyrstu níu mánuðum ársins 2016 í 1.044 daga á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Vistunardagar á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 voru 871. Alls komu 77 börn á lokaða deild Stuðla á fyrstu níu mánuðum ársins 2017, en 80 börn komu árið á undan, en þau voru 69 fyrir sama tímabil á árinu 2015.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði úr 52 í 43 á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 40 á fyrstu níu mánuðum ársins 2015.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnaverndarnefnd						
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	2.977	46,8	2.926	44,0	3.197	43,8
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	27	0,4	37	0,6	43	0,6
Barnavernd Kópavogs	580	9,1	498	7,5	591	8,1
Fjölskylduráð Garðabæjar	196	3,1	225	3,4	243	3,3
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	666	10,5	734	11,0	765	10,5
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	355	5,6	397	6,0	409	5,6
Fjölskylduráð Grindavíkur	32	0,5	47	0,7	53	0,7
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	184	2,9	139	2,1	151	2,1
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	122	1,9	127	1,9	219	3,0
Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar	121	1,9	138	2,1	108	1,5
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	56	0,9	98	1,5	95	1,3
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	26	0,4	47	0,7	44	0,6
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	98	1,5	106	1,6	86	1,2
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	6	0,1	4	0,1	4	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	15	0,2	22	0,3	17	0,2
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	57	0,9	52	0,8	43	0,6
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	31	0,5	17	0,3	25	0,3
Barnaverndarnefnd Útey	23	0,4	47	0,7	61	0,8
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	305	4,8	372	5,6	419	5,7
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	47	0,7	48	0,7	63	0,9
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	49	0,8	32	0,5	42	0,6
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	39	0,6	67	1,0	96	1,3
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	40	0,6	29	0,4	44	0,6
Félagsmálanefnd Árborgar	120	1,9	94	1,4	135	1,9
Velferðarnefnd Árnesþings	35	0,6	75	1,1	88	1,2
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	56	0,9	74	1,1	53	0,7
Fjölsk- og tómstráð Vestmannaeyja	95	1,5	200	3,0	198	2,7
Samtals	6.358	100,0	6.652	100,0	7.292	100,0

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum


Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	3.343	52,6	3.639	54,7	4.043	55,4
Stúlkur	2.979	46,8	2.967	44,6	3.173	43,5
Ekki vitað ¹	36	0,6	46	0,4	76	1,0
Samtals	6.358	100,0	6.652	100,0	7.292	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði ¹	4.568	71,8	4.547	68,4	5.058	69,4
Landsbyggð	1.790	28,2	2.105	31,6	2.234	30,6
Samtals	6.358	100,0	6.652	100,0	7.292	100,0

¹Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.



Fjöldi barna sem tilkynnt var um¹

Barnaverndarnefnd	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	2.291	43,7	2.263	41,1	2.260	39,1
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	27	0,5	36	0,7	39	0,7
Barnavernd Kópavogs	513	9,8	441	8,0	500	8,7
Fjölskylduráð Garðabæjar	170	3,2	198	3,6	213	3,7
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	580	11,0	623	11,3	608	10,5
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	301	5,7	347	6,3	349	6,0
Fjölskylduráð Grindavíkur	31	0,6	43	0,8	47	0,8
Fjölskyldu- og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga	159	3,0	117	2,1	141	2,4
Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar	101	1,9	111	2,0	189	3,3
Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar	90	1,7	122	2,2	100	1,7
Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala	42	0,8	82	1,5	78	1,4
Félagsmála- og barnaverndarnefnd Snæfellinga	26	0,5	47	0,9	44	0,8
Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum	82	1,6	96	1,7	76	1,3
Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar	5	0,1	4	0,1	4	0,1
Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda	15	0,3	22	0,4	17	0,3
Félagsmálaráð Austur Húnavatnssýslu	52	1,0	50	0,9	39	0,7
Barnaverndarnefnd Skagafjarðar	28	0,5	16	0,3	23	0,4
Barnaverndarnefnd Útey	23	0,4	47	0,9	60	1,0
Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar	270	5,1	310	5,6	361	6,2
Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga	37	0,7	44	0,8	59	1,0
Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar	47	0,9	30	0,5	36	0,6
Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar	38	0,7	58	1,1	86	1,5
Félagsmálanefnd Hornafjarðar	36	0,7	28	0,5	35	0,6
Félagsmálanefnd Árborgar	115	2,2	87	1,6	124	2,1
Velferðarnefnd Árnesþings	35	0,7	68	1,2	83	1,4
Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu	52	1,0	66	1,2	49	0,9
Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja	83	1,6	151	2,7	160	2,8
Samtals	5.249	100,0	5.507	100,0	5.780	100,0

¹ Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.768	52,7	3.044	55,3	3.213	55,6
Stúlkur	2.454	46,8	2.419	43,9	2.511	43,4
Ekki vitað ¹	27	0,5	44	0,8	56	1,0
Samtals	5.249	100,0	5.507	100,0	5.780	100,0

¹Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði ¹	3.682	70,1	3.672	66,7	3.809	65,9
Landsbyggð	1.567	29,9	1.835	33,3	1.971	34,1
Samtals	5.249	100,0	5.507	100,0	5.780	100,0

¹ Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹	Fjöldi	Hlutfall ¹
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	3.610	68,8	3.916	71,1	4.116	71,2
Drengir	1.829	50,7	2.095	53,5	2.237	54,3
Stúlkur	1.755	48,6	1.794	45,8	1.838	44,7
Ekki vitað ²	26	0,7	27	0,7	41	1,0
Þar af nýjar kannanir	1.935	36,9	2.076	37,7	2.033	35,2
Drengir	971	50,2	1.072	51,7	1.062	52,2
Stúlkur	946	48,9	991	47,7	944	46,4
Ekki vitað ²	18	0,9	13	0,6	27	1,3

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.417	38,0	2.708	40,7	2.833	38,9
<i>Drengir</i>	1.229	19,3	1.436	21,6	1.527	20,9
<i>Stúlkur</i>	1.188	18,7	1.272	19,1	1.306	17,9
Líkamleg vanræksla	120	1,9	166	2,5	173	2,4
<i>Drengir</i>	67	1,1	95	1,4	117	1,6
<i>Stúlkur</i>	53	0,8	71	1,1	56	0,8
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.964	30,9	2.250	33,8	2.427	33,3
<i>Drengir</i>	1000	15,7	1.188	17,9	1.287	17,6
<i>Stúlkur</i>	964	15,2	1.062	16,0	1.140	15,6
Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	739	11,6	714	10,7	826	11,3
<i>Drengir</i>	377	5,9	359	5,4	426	5,8
<i>Stúlkur</i>	362	5,7	355	5,3	400	5,5
Vanræksla varðandi nám	126	2,0	179	2,7	125	1,7
<i>Drengir</i>	68	1,1	101	1,5	67	0,9
<i>Stúlkur</i>	58	0,9	78	1,2	58	0,8
Tilfinningaleg vanræksla	297	4,7	281	4,2	214	2,9
<i>Drengir</i>	149	2,3	153	2,3	119	1,6
<i>Stúlkur</i>	148	2,3	128	1,9	95	1,3
Ofbeldi	1.635	25,7	1.819	27,3	1.973	27,1
<i>Drengir</i>	722	11,4	861	12,9	931	12,8
<i>Stúlkur</i>	913	14,4	958	14,4	1.042	14,3
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	891	14,0	1.163	17,5	1.189	16,3
<i>Drengir</i>	421	6,6	566	8,5	604	8,3
<i>Stúlkur</i>	470	7,4	597	9,0	585	8,0
Þar af heimilisofbeldi	440	6,9	559	8,4	588	8,1
<i>Drengir</i>	210	3,3	280	4,2	294	4,0
<i>Stúlkur</i>	230	3,6	279	4,2	294	4,0
Líkamlegt ofbeldi	361	5,7	407	6,1	475	6,5
<i>Drengir</i>	201	3,2	227	3,4	267	3,7
<i>Stúlkur</i>	160	2,5	180	2,7	208	2,9
Kynferðislegt ofbeldi	351	5,5	288	4,3	337	4,6
<i>Drengir</i>	94	1,5	81	1,2	87	1,2
<i>Stúlkur</i>	257	4,0	207	3,1	250	3,4


Áhættuhegðun barna	2.271	35,7	2.073	31,2	2.418	33,2
<i>Drengir</i>	1.400	22,0	1.337	20,1	1.589	21,8
<i>Stúlkur</i>	871	13,7	736	11,1	829	11,4
Neysla barns á vímuefnum	420	6,6	402	6,0	396	5,4
<i>Drengir</i>	261	4,1	224	3,4	230	3,2
<i>Stúlkur</i>	159	2,5	178	2,7	166	2,3
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	839	13,2	775	11,7	967	13,3
<i>Drengir</i>	444	7,0	453	6,8	556	7,6
<i>Stúlkur</i>	395	6,2	322	4,8	411	5,6
Afbrot barns	616	9,7	488	7,3	612	8,4
<i>Drengir</i>	410	6,4	363	5,5	459	6,3
<i>Stúlkur</i>	206	3,2	125	1,9	153	2,1
Barn beitir ofbeldi	311	4,9	318	4,8	334	4,6
<i>Drengir</i>	252	4,0	251	3,8	286	3,9
<i>Stúlkur</i>	59	0,9	67	1,0	48	0,7
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	130	2,0	156	2,3	180	2,5
<i>Drengir</i>	61	1,0	87	1,3	107	1,5
<i>Stúlkur</i>	69	1,1	69	1,0	73	1,0
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	35	0,6	52	0,8	68	0,9
Tilkynningar alls	6.358	100,0	6.652	100,0	7.292	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu²	318	100,0	361	100,0	291	100,0
<i>Drengir</i>	148	46,5	173	47,9	157	54,0
<i>Stúlkur</i>	170	53,5	188	52,1	125	43,0
<i>Ekki vitað³</i>	0	0,0	0	0,0	9	3,1

¹Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

²Að mati tilkynnanda

³Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

Ástæður tilkynninga



Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	32	0,5	38	0,6	48	0,7
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	373	5,9	332	5,0	360	4,9
Nágrannar	348	5,5	479	7,2	430	5,9
Önnur barnaverndarnefnd	146	2,3	121	1,8	137	1,9
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	190	3,0	175	2,6	187	2,6
Lögregla	2.835	44,6	2.956	44,4	3.217	44,0
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	689	10,8	781	11,7	872	12,0
Leikskóli/gæsluforeldri	131	2,1	195	2,9	166	2,3
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	667	10,5	595	9,0	724	9,9
Foreldrar barns	517	8,1	506	7,6	531	7,3
Aðrir	430	6,8	474	7,1	620	8,5
Samtals	6.358	100,0	6.652	100,0	7.292	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Stuðlar	26	26,5	28	25,7	26	24,3
Önnur meðferðarheimili*	16	16,3	20	18,3	18	16,8
MST	56	57,1	61	56,0	63	58,9
Samtals	98	100,0	109	100,0	107	100,0

* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt

Umsóknir um Stuðla eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	7	26,9	15	53,6	12	46,1
Nágrenni Reykjavíkur ¹	8	30,8	8	28,6	6	23,1
Landsbyggð	11	42,3	5	17,9	8	30,8
Samtals	26	100,0	28	100,0	26	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um önnur meðferðarheimili eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	8	50,0	8	40,0	10	55,6
Nágrenni Reykjavíkur ¹	6	37,5	7	35,0	5	27,8
Landsbyggð	2	12,5	5	25,0	3	16,7
Samtals	16	100,0	20	100,0	18	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um MST eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	26	46,4	17	27,9	22	34,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	13	23,2	20	32,8	22	34,9
Eldra þjónustusvæði ²	9	16,1	12	19,7	8	12,7
Nýtt þjónustusvæði ³	8	14,3	12	19,7	11	17,5
Samtals	56	100,0	61	100,0	63	100,0

¹ Nágrenni Reykjavíkur eru Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

² Þjónustusvæði MST náði yfir 60 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík, að frátalinni Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur

³ Önnur svæði landsins en Reykjavík og þau sem tilgreind eru í skýringu 1 og 2, þjónustan hófst í febrúar 2015.

Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á Stuðlum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	12	46,2	18	64,3	17	65,4
Stúlkur	14	53,8	10	35,7	9	34,6
Samtals	26	100,0	28	100,0	26	100,0

Kyn barna þar sem sótt er um meðferð á öðrum meðferðarheimilum

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	10	62,5	10	50,0	12	66,7
Stúlkur	6	37,5	10	50,0	6	33,3
Samtals	16	100,0	20	100,0	18	100,0

Kyn barna þar sem sótt er um MST

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	26	46,4	34	55,7	38	60,3
Stúlkur	30	53,6	27	44,3	25	39,7
Samtals	56	100,0	61	100,0	63	100,0

Beiðnir um fósturheimili

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Tímabundið	66	62,3	60	59,4	104	76,5
Varanlegt	17	16,0	27	26,7	22	15,4
Styrkt	23	21,7	14	13,9	11	8,1
Samtals	106	100,0	101	100,0	137	100,0

Beiðnir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	46	43,4	39	38,6	58	42,3
Nágrenni Reykjavíkur ¹	24	22,6	26	25,7	29	21,2
Landsbyggð	36	34,0	36	35,6	50	36,5
Samtals	106	100,0	101	100,0	137	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	56	52,8	50	49,5	77	56,2
Stúlkur	50	47,2	51	50,5	60	43,8
Samtals	106	100,0	101	100,0	137	100,0

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu níu mánuðir 2015	Fyrstu níu mánuðir 2016	Fyrstu níu mánuðir 2017
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	180	168	181
a. Skýrslutökur ¹	97	85	82
Vegna kynferðislegs ofbeldis	63	40	50
Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis	34	45	32
b. Könnunarviðtöl	83	83	99
Þar af við fylgdarlaus börn ²	-	11	10
Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila ³	-	-	5
Greiningar- og meðferðarviðtöl	83	99	103
Læknisskoðanir	7	6	4

¹ Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi hófust í mars 2015. Til viðbótar nýttu lögreglan aðstöðu.

Barnahúss í fjórum tilvikum á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 til þess að taka skýrslu af barni.

² Hófust á árinu 2016.

³ Hófust á árinu 2017.

Kyn barna í Barnahúsi

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	56	31,1	71	42,3	56	31,1
Stúlkur	124	68,9	97	57,7	124	68,9
Samtals	180	100,0	168	100,0	180	100,0

¹ Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Lokuð deild á Stuðlum

Lokuð deild á Stuðlum

	Fyrstu níu mánuðir 2015	Fyrstu níu mánuðir 2016	Fyrstu níu mánuðir 2017
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi vistana	128	164	166
Vistunardagar neyðarvistun: 25. eða 31. gr.bvl.	871	954	1.044
Vistunardagar gæsluvistun: (vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008)	75	0	148
Fjöldi einstaklinga	69	80	77

Kyn barna á lokaðri deild Stuðla

Kyn	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	38	55,1	49	61,3	50	64,9
Stúlkur	31	44,9	31	38,8	27	35,1
Samtals	69	100,0	80	100,0	77	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu níu mánuðir 2015		Fyrstu níu mánuðir 2016		Fyrstu níu mánuðir 2017	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	22	55,0	28	53,9	25	58,1
Vesturland	3	7,5	4	7,7	2	4,7
Vestfirðir	1	2,5	1	1,9	0	0,0
Norðurland	1	2,5	9	17,3	3	7,0
Austurland	1	2,5	1	1,9	1	2,3
Suðurland	4	10,0	7	13,5	8	18,6
Reykjanes	7	17,5	1	1,9	3	7,0
Fólk búsett erlendis	1	2,5	1	1,9	1	2,3
Samtals	40	100,0	52	100,0	43	100,0

¹Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.